HAFNARFJÖRÐUR
Mennta – og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar

Leikskólar

# Skólavogin 2018-2019

- Samantekt á niðurstöðum fyrir leikskóla Hafnarfjarðar -







Hafnarfjörður
2019

© Fræðslu- og frístundaþjónusta Hafnarfjarðar 2019

Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar
Linnetsstíg 3
220 Hafnarfjörður
Sími 585 5800

Netfang: skolaskr@hafnarfjordur.is
Veffang: www.hafnarfjordur.is

Forsíðumyndir eru af

## Formáli

Þessi skýrsla er samantekt á viðhorfakönnunum Skólapúlsins sem er verkfæri í innra mati leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar. Skólapúlsinn myndar sameiginlegan gagnagrunn á niðurstöðum allra skólanna inn í Skólavogina sem virkar þá sem verkfæri í ytra mati bæjarins. Þetta er þriðja árið sem svona samantekt er gerð fyrir leikskólana og birt opinberlega í skýrslu og er þetta árið samantekt á niðurstöðum viðhorfakönnunar meðal starfsmanna barna í leikskólum sem gerð var í febrúar 2019.

Það er hluti af verkefnum sveitarfélagsins að sinna ytra mati á leikskólum í samræmi við 19. grein laga um leikskóla nr. 90/2008. Þátttaka bæjarins í verkefninu hófst formlega vorið 2013 þegar bærinn keypti aðgang að Skólavoginni og grunnskólarnir hófu þátttöku.

Skýrslugerðin er hluti af ytra mati bæjarins á leikskólunum og það ræðst af notagildi hennar fyrir hagsmunaðila hvort framhald verður á og þá hvernig hún þróast áfram.

Í skýrslunni eru dregnar fram helstu niðurstöður úr viðhorfahönnun meðal starfsmanna í febrúar 2019. Markmið skýrslunnar er að gefa mynd af viðhorfum starfsmanna í hverjum leikskóla, þeir geti borið sig saman við aðra leikskóla í Hafnarfirði og séð meðaltal annarra skóla sem eru í Skólavoginni. Ennfremur að fræðsluyfirvöld sjái samanburð við meðaltöl annarra sveitarfélaga á landinu sem eru í Skólavoginni. Listi yfir þátttökuskóla á landinu er að finna á www.skolapulsinn.is. Tilgangurinn er að skólarnir geti nýtt niðurstöður og samanburð til að sjá hvað vel tekst til og finna sér sóknarfæri og umbótaverkefni. Einnig að aðrir hagsmunaaðilar skólastarfsins, s.s. foreldrar og fræðsluyfirvöld, fái yfirsýn yfir stöðuna og geti lagt sitt af mörkum lögum samkvæmt til að aðstoða skólanna á grundvelli þessara megindlegu gagna.

Skýrslan er unnin af Erlu Guðjónsdóttur, MA í mati á skólastarfi og fyrrverandi skólastjóra Öldutúnsskóla. Skýrslan er byggð á grunni sem unninn var upphaflega sumarið 2014 af Arnóri Heiðarssyni, grunnskólakennara í Hafnarfirði sem var þá MPA nemi Háskóla Íslands í opinberri stjórnsýslu með sérhæfingu á sviði stjórnunar menntastofnana undir leiðsögn þróunarfulltrúa grunnskóla. Skýrslan er á ábyrgð Vigfúsar Hallgrímssonar, þróunarfulltrúa grunnskóla á Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar.

Uppbygging skýrslunnar er á þann veg að á eftir efnisyfirliti kemur samantekt og inngangur. Þá tekur við kafli sem kynnir Skólapúlsinn og Skólavogina og þær aðferðafræðilegu forsendur sem þau byggja á. Meginkaflinn er samantekt á niðurstöðum úr viðhorfakönnunum meðal foreldra einstakra leikskóla í Hafnarfirði með sérstakri samantekt í upphafi fyrir bæinn í heild. Aftan við skýrsluna er viðauki:

- Viðauki 1: Tafla með niðurstöðu hverrar samantektarspurningar einstakra skóla ásamt flokkun út frá meðaltali Skólavogarinnar (grænt, gult og appelsínugult).
- Viðauki 2: Spurningar sem eru í starfsmannakönnun fyrir leikskóla í Skólapúlsinum.

# Efnisyfirlit

## Contents

**Formáli** ... 3

**Samantekt** ... 6

**Inngangur** ... 7

**1. Skólapúlsinn, Skólavogin og aðferðafræði þeirra** ... 8

**2. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð og einstaka skóla** ... 8

2.0 Hafnarfjörður ... 10

2.1 Arnarberg ... 13

2.2 Álfaberg ... 15

2.3 Álfasteinn ... 17

2.4 Bjarkalundur ... 19

2.5 Hlíðarberg ... 21

2.6 Hlíðarendi ... 23

2.7 Hraunvallaskóli, leikskóladeild ... 25

2.8 Hvammur ... 27

2.9 Hörðuvellir ... 29

2.10 Norðurberg ... 31

2.11 Smáralundur ... 33

2.12 Stekkjarás ... 35

2.13 Tjarnarás ... 37

2.14 Vesturkot ... 39

2.15 Víðivellir ... 41

**3. Hvað svo?** ... 43

**Viðauki** ... 45

**Viðauki 1: Tafla með samantekt starfsmannakönnunar febrúar 2019** ... 46

**Viðauki 2: Starfsmannakönnun - útskýringar á spurningum** ... 1

1. ALMENNT UM STARFSMENN ... 1

1.1. Starfsaldur í viðkomandi skóla, 4 ár eða fleiri. ... 1

VIÐHORF TIL LEIKSKÓLANS ... 1

2.1 Starfsaðstaða í skólanum ... 1

3. UPPELDI OG MENNTUN ... 1

3.1 Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna ... 1

3.2 Trú á eigin getu við daglegt skipulag ... 1

3.3 Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð ... 2

3.4 Samstarf í leikskólanum ........ 2
3.5 Virkar samræður um starfið ........ 2
3.6 Virkni foreldra í leikskólastarfinu ........ 2
3.7 Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans ........ 3
3.8 Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir ........ 3
3.9 Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir ........ 3
4. SÍMENNTUN OG UNDIRBÚNINGUR ........ 3
4.1 Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma ........ 3
4.2 Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma ........ 3
4.4 Tækifæri til símenntunar ........ 3
4.5 Virkni í símenntun ........ 3
4.6 Símenntunarþörf starfsfólks ........ 4
4.7 Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símanntun undanfarið ár ........ 4
4.8 Hindranir í símenntun starfsfólks ........ 4

## Samantekt

Þessi skýrsla er samantekt úr viðhorfakönnun sem lögð var fyrir starfsmenn í leikskólum Hafnarfjarðar í mars 2019. Könnunin er stafræn sem fyrirtækið Vísar heldur úti og selur skólum (Skólapúlsinn) og sveitarfélögum (Skólavogin).

Niðurstöðurnar sem hér eru kynntar eru nokkurs konar árangursmat út frá viðhorfum. Það er mat starfsmanna á starfsemi skólanna út frá viðhorfum þeirra sem þó geta ekki talist raunmælingar á árangri. Því skal skoða niðurstöðurnar út frá þeim sjónarmiðum að engin viðmið eru til að meta niðurstöður viðhorfamælinganna nema meðaltöl annarra skóla/sveitarfélaga. Viðhorfakannanir eru ein aðferða til að afla upplýsinga en viðhorf endurspegla ekki endilega árangur þótt þau gefi til kynna ákveðin sjónarmið sem mikilvægt er að virða. Óljóst er því hvenær ber að taka niðurstöður alvarlega því að í spurningakönnunum felast annmarkar á því að afla upplýsinga um veruleikann, t.d. varðandi það hvernig spurning er skilin af þeim sem svarar. Að því sögðu eiga viðhorfamælingar samt að geta veitt mikilvægar upplýsingar þó að túlkun þeirra sé alltaf stór þáttur í matsframkvæmd líkt og þessi skýrslugerð er.

Meginniðurstöður skýrslunnar gefa til kynna að leikskólar Hafnarfjarðar er í einum þætti þáttum meðal 25% sveitarfélaga með hæstu niðurstöður: Bærinn er í öðru sæti af 21 mögulegum hvað varðar starfsaldur í leikskólum og er meðaltal bæjarins þar vel yfir meðaltali Skólavogarinnar.  Starfsmenn leikskólanna meta starfsaðstöðu sína vel undir meðaltali Skólavogarinnar og er bærinn þar í 14. sæti af 21 þeim sveitarfélögum sem tóku þátt nú.

Annað er við meðaltal Skólavogarinnar.

Það er töluverður munur milli skóla á niðurstöðum einstakra spurninga og nauðsynlegt að skoða útkomu hvers skóla til að sjá þennan mun og breytileika.

Í heildina séð er það mat skýrsluhöfunda að niðurstöður Skólavogarinnar gefi tækifæri til sóknar og frekari árangurs. Ábyrgð sveitarfélags og leikskóla/starfsfólks þarf að vera sameiginleg svo leikskólarnir nái þeim markmiðum sem eru í sigtinu hverju sinni. Viðhorf hagsmunaaðila til leikskólastarfsins skipta þar miklu máli og skýrslan þjónar þeim tilgangi að vera leiðarvísir um þætti sem eru nauðsynlegir til frekari skoðunar og þróunar.

## Inngangur

Á síðastliðnum árum og áratugum hefur umræðan í samfélaginu og meðal fræðimanna fjallað töluvert um það hvernig skólastarf geti orðið „skilvirkara“ og skilað „meiri árangri“, þótt merking þeirra hugtaka geti verið mismunandi eftir kenningum og einstaklingum. Sem svar við slíku verkefni er talið að „mat á skólastarfi“ sé sjálfsagt viðfangsefni í stofnanaumhverfi menntakerfis hvers lands. Í núverandi lögum um leikskóla (nr. 90/2008) er ákvæði um að mat á skólastarfinu eigi að vera virkur þáttur í starfi þeirra. Þar er kveðið á í 17. og 18. grein að markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum sé að veita hagsmunaðilum upplýsingar um skólastarfið og árangur þess, tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög og reglugerðir, auka gæði náms og stuðla að endurbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og þau fái á þjónustu sem lög kveða á um. Ennfremur að hver leikskóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á og birta þær upplýsingar með reglulegu millibili, nefnt innra mat.

Skólapúlsinn, með útfærslu á gagnagrunni fyrir sveitarfélög í Skólavoginni, er sérhannað, íslenskt verkfæri sem ætlað er að hjálpa til við innra (skólar) og ytra mat (sveitarfélaga) og sækir efnivið sinn í erlendar fyrirmyndir. Hafnarfjörður tók ákvörðun um að vera þátttakandi í Skólapúlsinum og Skólavoginni þannig að allir skólar sveitarfélagsins, bæði grunn- og leikskólar geti metið árlega ákveðna þætti í starfi sínu og hafi tækifæri til að bera sig saman við aðra skóla í bænum og landsmeðaltal.

Fyrir sveitarfélagið er Skólavogin, sem samantekt á gögnum einstakra leikskóla í Skólapúlsinum, verkfæri til að fá sem áreiðanlegastar upplýsingar um ákveðna þætti í skólastarfinu. Skólavogina getur sveitarfélagið nýtt til að meta eigin stefnu og framkvæmd á leikskólastarfi og gert umbætur sem varða heildina, sem og til að veita einstökum skólum viðeigandi aðstoð við umbætur þar sem þess gerist þörf eins og kemur fram í 19. grein leikskólalaga.

Skýrslu þessari er fyrst og fremst ætlað að vera upplýsandi fyrir stjórnendur og starfsfólk leikskólanna í Hafnarfirði og jafnframt veita fræðsluyfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar um ákveðna þætti leikskólastarfsins í bænum. Skólapúlsinn, sem liður í innra mati leikskóla hentar vel til að fá álit þeirra sem koma að skólastarfinu og mikilvægt er að hlusta á þau sjónarmið og viðhorf sem þar koma fram. Þó ber að varast að oftúlka niðurstöður með því að horfa um of á þær, hvort heldur sem áfellisdóm eða fullnaðarsigur sem gefi heildarmynd af starfi einstakra skóla. Niðurstöðurnar segja ýmislegt um skólastarfið og geta verið vísbending um gott starf en einnig hvað má gera betur. Á heildina litið er mikilvægt að nýta gögn Skólapúlsins og vaka yfir því hver hagur skólastarfsins er og/eða getur verið af þeim umbótum sem unnar eru á grundvelli niðurstaðna. *Hagsmunaaðilar skólastarfsins eru hvattir til að fara yfir alla þætti, bæði þá sem koma vel út og þá sem ekki koma vel út. Greina þá og skilgreina í samvinnu, vinna skipulega að umbótum og hlú markvisst áfram að því sem vel gengur.*

## 1. Skólapúlsinn, Skólavogin og aðferðafræði þeirra

Skólapúlsinn, sem er gagnasafn Skólavogarinnar, var settur á laggirnar árið 2007 og hefur verið í stöðugri þróun síðan þá. Árið 2018 eru 33 leikskólar í 21 sveitarfélögum skráðir í Skólapúlsinn.

Starfsmannakönnun leikskólanna var í febrúar og 232 svöruðu af 321 sem er 72,1% svarhlutfall. Öllu starfsfólki er gefinn kostur á að taka þátt að leikskólastjórum undanskildum. Spurt er um líðan í starfi, starfsanda, daglegt starf, starfshætti, samstarf og samskipti, starfsþróun, símenntun, stjórnun og forystu. Það tekur um 25-35 mínútur að svara könnuninni og er efnið endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Niðurstöður eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars. Lágmarksvarhlutfall í hverjum leikskóla var 80%. Ef svarhlutfall var undir 60% eru niðurstöður viðkomandi leikskóla ekki birtar.

Efni kannana er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. (Sjá sundurgreiningu á spurningum í viðauka 2.)

Spurningarnar eru samdar af starfsfólki Skólapúlsins og hafa verið í stöðugri þróun síðan notkun á kerfinu hófst. Hver skóli getur valið að setja inn nokkrar aukaspurningar sem varða starf þess tiltekna skóla. Fyrir slíkt þarf að greiða sérstaklega. Bæjarfélög geta keypt aðgang að upplýsingum sinna skóla sem eru í Skólapúlsinum og heitir sá aðgangur Skólavogin til aðgreiningar frá Skólapúlsinum.

Kannanir á vegum Skólapúlsins eru skilgreindar sem megindlegar, það eru spurningalistar með ákveðnum svarmöguleikum. Skólapúlsinn vill helst að svörun sé yfir 80% til að svör séu marktæk. Í viðauka tvö, sést hvernig spurningalistinn er byggður upp og hvernig svör eru dregin saman úr mismunandi fjölda þátta sem liggja á bak við hverja yfirskrift.

## 2. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð og einstaka skóla

Í þessum kafla, meginkafla skýrslunnar, eru kynntar helstu niðurstöður hafnfirskra leikskóla í Skólapúlsinum eins og þær birtast í Skólavoginni. Markmiðið er að setja þær fram með skýrum hætti svo að sá sem les þær fái góða yfirsýn yfir niðurstöðurnar. Teknir eru út nokkrir þættir í niðurstöðum hvers skóla og fjallað sérstaklega um þá, bæði þá sem teljast styrkleikar og þá sem gefa möguleika til þróunar. Það er fyrst og fremst verkefni leikskólanna að velja umbótaþætti og fylgja þeim eftir, enda þeir best í stakk búnir til þess. Það er þó mikilvægt að niðurstöðurnar séu skoðaðar vel, með gagnrýnum huga og að stjórnendur og starfsmenn taki þær alvarlega og keppist við að nýta niðurstöðurnar til umbóta og þróunar ekki síður en þeir sem hafa með skólamál sveitarfélagsins að gera.

Framsetningin er þannig að fyrst eru kynntar meðaltalsniðurstöður leikskólanna í Hafnarfirði að undanskildum tveimur.[1] Í viðauka 1 eru niðurstöður einstaka skóla birtar í töflu og litamerktar af höfundum skýrslunnar með appelsínugulu, gulu og grænu. Viðmið er landsmeðaltal svara við hverri spurningu á skólaárinu 2018 til 2019. Litirnar eru notaðir til að

[1] Þetta eru leikskólarnir Hjalli og Hamravellir sem eru undanskildir í leikskólakönnuninni.

skýra ákveðnar línur. Græni liturinn táknar að skólinn er vel yfir meðaltali Skólavogarinnar skólaárið 2018-2019 (+0,5 stigum eða +5 prósentustigum). Guli liturinn táknar að skólinn er allt að ± 0,49 stigum eða 4,9 prósentustig frá meðaltali Skólavogarinnar. Appelsínuguli liturinn merkir að skólinn er vel undir (-0,5 stigum eða -5 prósentustigum) meðaltali Skólavogarinnar. Svör sumra spurninga birtast á mælikvarða sem hefur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Við túlkun er viðmiðunarregla sú að munur upp á 0,5 stig er ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig eða meira telst mikill munur.Það er í sjálfu sér ekki viðmið um hvort hlutirnir séu í lagi eða ekki. En séu niðurstöður vel yfir meðaltali er samt álitið að um jákvæðan þátt sé að ræða og séu niðurstöður vel undir meðaltali að um neikvæðan þátt sé að ræða. Út frá því sjónarmiði er þessi greining unnin og hægt að halda því fram að slík útlistun sé ekki einhlít. Farið er varlega í að draga ályktanir sem byggjast á niðurstöðum Skólapúlsins og þær ályktanir sem dregnar eru hafi skýrar forsendur í gögnum hans.

Nokkrir þættir eru ekki litamerktir sem er hæpið að setja upp í samanburð. Í þessari könnun eru það svör við fjórum spurningum; 1.1 starfsaldur, 4.6 símenntunarþörf, 4.7 hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár og 4.8 hindranir í símenntun starfsfólks.

## 2.0 Hafnarfjörður

Leikskólar Hafnarfjarðar eru 17 og börn á leikskólaaldri með lögheimili í bænum voru 1833 skólaárið 2018 til 2019. Um 1780 þeirra eru í leikskólum bæjarins eða nálægt 97%

- Hamravellir og Hjalli eru undanskildir könnuninni.

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu er Fanney Dóróthe Halldórsdóttir.
Þróunarfulltrúi leikskóla: Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir

| | Samantekt á niðurstöðum - meðaltal Hafnarfjarðarbæjar |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru úrtak könnunar og svarhlutfall er 72,1% (232).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br>Tölur bæjarins liggja við meðaltal að undanskildu því að hlutfall starfsmanna með lengri en fjögurra ára starfsaldur er vel yfir meðaltali Skólavogarinnar og bærinn raðast í 2. sæti þátttökusveitarfélaga sem eru allst 21. Bærinn er þar meðal þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með hvað hagstæðustu útkomuna í þessum þætti. Hvað varðar starfsaðstöðu í leikskólanum er bærinn vel undir meðaltali; 4,3/4,8.<br>• ***Almennt um starfsmenn***: Starfsaldur í leikskólum er vel yfir meðaltali Skólavogarinnar. Annað er við meðaltal.<br>• ***Viðhorf til leikskólans***: Mat starfsmanna bæjarins hvað varðar starfsaðstöðu er vel undir meðaltali Skólavogar; 4,3/4,8 og er bærinn í 14. sæti af 21 sveitarfélagi sem eru til samanburðar í þessari könnun.<br>• ***Uppeldi og menntun:*** Allir þættir teljast til meðaltals: Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með aðgengi að sérfræðiaðstoð mælist rétt yfir meðaltali. Lægstar eru tölur hvað varðar virkar samræður um starfið og virkni foreldra. Töluverður munur er á milli skólanna á matinu um þessi atriði. Samstarf í leikskólunum meta starfsmenn rétt undir meðaltali 4,7/5,0, en aðrir þættir sem flokkast undir uppeldi og menntunar mælast almennt við meðaltalið.<br>• ***Símenntun og undirbúningur:*** Bærinn er við meðaltal Skólavogar og allir starfsmenn níu skóla af fimmtán fá undirbúningstíma. Einn skóli sér sig úr með lágt hlutfall starfsmanna sem telja sig fá nægilegan undirbúningstíma. Hvað varðar símenntun þá eru teja 34,2% að það sé hindrun hversu símenntunin er dýr, 40,8 að það sé of lítið svigrúm |

| | |
|---|---|
| | innan vinnutíma. 43,7% segja að stuðningur stjórnenda sé engin hindrun. |

**Samantekt og ábendingar**

Þetta er í þriðja sinn sem starfsmannakönnun leikskólanna er í Skólapúlsinum, þ.e. 2015, 2017 og 2019. Spurningar eru endurskoðaðar árlega í samráði við notendur.

**Starfsaldur**

Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár í leikskólum 2015 var lægri í bænum en meðaltal Skólavogar. Var yfir meðaltali Skólavogar 2017 og er vel yfir 2019 73,2%/61,9% og bærinn raðast í 2. sæti af 21 sveitarfélagi og flokkast til þeirra 25% sem fá hagstæðustu útkomuna í þessum þætti.

**Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum**

Bærinn var við landsmeðaltal 2015 og 2017, en 2019 vel undir meðaltali. Töluverður munur er á milli skólanna á mati þeirra um starfsaðstæður, allt frá 2,6 upp í 5,8 stig í könnuninni 2019. Meðaltal Skólavogar er 4,8 og er bærinn í 14. sæti af 21 sveitarfélagi sem tóku þátt 2019.

**Uppeldi og menntun**

Mat starfsmanna á trú á eigin getu við uppeldi og menntun, daglegt skipulag og að tryggja jöfnuð hefur legið við landsmeðaltal þessi ár sem metin eru, en ástæða er til að skoða breiddina í matinu milli skóla.

**Mat á samstarfi** í leikskólum bæjarins er við meðaltal Skólavogar 5,1/5,0. Samstarf í leikskólanum er metið með því að spyrja fjörgurra spurninga um samstarf á deildinni, milli deilda, starfsfólks og samvinnu deildarstjóra. 95% starfsmanna í sem svara könnuninni eru mjög og frekar sammála því að samstarf á deild þeirra sé gott. 89% eru mjög og frekar sammála því að samstarf alls starfsfólks sé gott.

**Virkni í samræðum** um starfið er metin með ellefu spurningum og varða þær umræður um hugmyndafræði og stefnu skólans, grunnþætti aðalnámskrár, starfshætti og vinnuaðferðir með börnunum, félagsfærni barna og leiðir til að efla hana, hvernig börnin læra, samskipti barna og starfsfólks, samskipti við foreldra, hlutverk hvers starfsmanns, stjórnun og forystu, mál sem varða börn með sérþarfir auk annars sem starfsmenn vilja taka fram. Hér er mat starfsmanna þannig að bærinn er undir meðaltali Skólavogar og tilefni til að greina og skoða þennan þátt m.a. í samhengi við samstarf og símennun.

**Mat á virkni foreldra** var við meðaltal 2015 en hefur sigið síðan og er nú rétt undir meðaltali. Mat á virkni foreldra er hér einnig töluvert breytilegt milli skóla, en í flestum þeirra hefur þessi þáttur verið metin lækkandi frá árinu 2015 meðan landsmeðaltal hefur staðið nokkurn veginn í stað.

**Aðgengi að ráðgjöf** sérfræðinga utan skólans hefur orðið meira að mati starfsmanna síðan 2015 en þá var bærinn vel undir meðaltali. Er nú rétt yfir meðaltali. Hér er einnig vert að skoða mun á mati skólanna og greina ástæður þeirra.

**Símenntun og undirbúningur**

Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma hefur farið vaxandi á landsvísu síðan 2015 og er bærinn nú við meðaltal Skólavogar. Aftur á móti eru ekki eins margir sem telja sig fá nægan undirbúningstíma og vert að greina ástæður þess.

Starfsmenn fjögurra skóla svara ekki spurningum um símenntun og því snúið að túlka heildarniðurstöðu fyrir bæinn. Þeir skólar sem svara, sýna virkni í símenntun allt frá 21,1% í 3,3%. Þessi liður er metinn með því að spyrja þriggja spurninga um hvort starfsmaður geti/hafi tekið þátt í þróunarstarfi, starfendarannsóknum og farið í starfsþróunarsamtal/starfsmannasamtal á síðustu 12 mánuðum og má velta því fyrir sér hvort mæling á þessum þremur þáttum nái að mæla símenntunarstarf sem fólk á kost á og tekur þátt í.

## 2.1 Arnarberg

Leikskólinn Arnarberg tók til starfa í núverandi mynd við Haukahraun í Hafnarfirði árið 2003. Leikskólinn er fjögurra deilda með rétt tæplega hundrað börn og um þrjátíu starfsmenn.

Leikskólastjóri: Oddfríður Jónsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Kristbjörg Helgadóttir



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 73,1% (15).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í einum þætti (7%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 4 þáttum (29%) og í níu tilvikum (64%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<br><br>• ***Starfsaldur***: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár við leikskóla eru 78,9% sem er vel yfir meðaltal Skólavogar.<br>• ***Viðhorf til leikskólans***: Starfsaðstöðu sína meta starfsmenn vel undir meðaltali; 3,9/4,8.<br>• ***Uppeldi og menntun:*** Upplýsingar og stuðning vegna barna með sérþarfir meta starfsmenn vel yfir meðaltali. Trú á eigin getu við uppeldi og menntun er við meðaltal. Mat starfsmanna á trú á eigin getu við daglegt skipulag, að tryggja jöfnuð, samstarf, samræður umstarfið og virkni foreldra mælast vel undir meðaltali Skólavogar.<br>• ***Símenntun og undirbúningur:*** Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 91,7% sem telst við meðaltal og 54,5% telja sig fá nægan tíma til undirbúnings sem er vel undir meðaltali Skólavogar. Starfsmenn svara ekki spurningum um virkni í símenntun. |

**Samantekt og breytingar frá fyrstu starfsmannakönnun í Skólapúlsinum 2015**

Þetta er í þriðja sinn sem starfsmannakönnun leikskólanna er í Skólapúlsinum þ.e. 2015, 2017 og 2019. Spurningar eru endurskoðaðar árlega í samráði við notendur.

**Starfsaldur**

Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár í leikskólum hefur hækkað frá 71% árið 2015 í 78,9% árið 2019.

**Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum**

Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum hefur lækkað frá 5,8 árið 2015 og er nú vel undir meðaltali Skólavogar (3,9/4,8).

**Uppeldi og menntun**

Mat starfsmanna á trú á eigin getu við uppeldi og menntun, trú á eigin getu við daglegt skipulag, að tryggja jöfnuð, samstarf, samræður umstarfið og virkni foreldra er töluvert lægra en matið var 2015.
Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans hækkaði milli kannana 2015 og 17 en hefur lækkað aftur.

**Símenntun og undirbúningur**

Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er metið til meðaltali. Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nægan undirbúningstíma hefur lækkað síðan 2017 og meta starfsmenn þennan þátt vel undir meðaltali Skólavogar nú 2019.

## 2.2 Álfaberg

Leikskólinn Álfaberg er við Breiðvang og flutti þangað í ágúst 2011 frá Álfaskeiði 16. Hann er fimm deilda, um 91 barn og 27 starfsmenn.

Leikskólastjóri: Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Linda Björk Halldórsdóttir



<table>
<tr><th></th><th>Samantekt á niðurstöðum</th></tr>
<tr><td>Starfsmannakönnun<br><br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 75,0% (13).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum.</td><td>Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum  eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til.  Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í 11 þáttum (79%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í tveimur þáttum (14%) og í einu tilviki  (7%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<ul><li>Starfsaldur: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár í leikskólum eru 72,2% sem er vel yfir meðaltali Skólavogar.</li><li>Viðhorf til leikskólans. Mat starfsmanna á starfsaðastöðu sinni mælist vel yfir meðaltali; 5,8/4,8.</li><li>Uppeldi og menntun: Átta af níu þáttum eru vel yfir meðaltali. Samstarf í leikskólanum mælist 6,7 stig sem er með því hæsta í leikskólum bæjarins. Virkni foreldra telst til meðaltals.</li><li>Símenntun og undirbúningur: Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 75,0% sem telst vel undir meðaltali og 88,9% telja sig fá nægan tíma til undirbúnings og er það vel yfir meðaltali Skólavogar. Hlutfall starfsmanna sem eru virkir í símenntun mælist 11,8 % sem telst við meðaltal Skólavogar. Tækifæri til símenntunar meta starfsmenn vel yfir meðaltali Skólavogar 5,8/4,9.</li></ul></td></tr>
</table>

**Samantekt og breytingar frá fyrstu starfsmannakönnun í Skólapúlsinum 2015**

Þetta er í þriðja sinn sem starfsmannakönnun leikskólanna er í Skólapúlsinum, þ.e. 2015, 2017 og 2019. Spurningar eru endurskoðaðar árlega í samráði við notendur.

**Starfsaldur**

Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár í leikskólum hefur hækkað frá því að vera 40% árið 2015 í 72,2% 2019.

**Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum**

Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum 2019 er svipað og 2015, lækkaði aðeins 2017.

**Uppeldi og menntun**

Átta af níu þáttum þessa flokks mælast vel yfir meðaltali og hafa langflestir farið hækkandi í stigum frá því 2015.

**Símenntun og undirbúningur**

Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nægan undirbúningstíma hefur farið hækkandi síðan 2015 og meta starfsmenn þennan þátt vel yfir meðaltali Skólavogar 2019.

## 2.3 Álfasteinn

Leikskólinn Álfasteinn tók til starfa 2001. Leikskólinn er fimm deilda, 77 börn og 27 starfsmenn.

Leikskólastjórar: Inga Líndal Finnbogadóttir og Jónína Rósa Ragnarsdóttir



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 76,9% (14).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í þremur þáttum (21%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í sex þáttum (43%) og í fimm tilvikum (36%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektar-þáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<br>• ***Starfsaldur***: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár í leikskólum er 70,0%, vel yfir meðaltali Skólavogar.<br>• ***Viðhorf til leikskólans***: Starfsmenn meta starfsaðstöðu sína vel undir meðaltali Skólavogar (3,1/4,8).<br>• ***Uppeldi og menntun:*** Starfsmenn meta tvo þætti af níu í þessum flokki vel yfir meðaltali Skólavogar; trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna og aðgengi sitt að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans. Tvo þætti meta starfsmenn vel undir meðaltali; stuðning og upplýsingar vegna barna með sérþarfir. Annað við meðaltal.<br>• ***Símenntun og undirbúningur:*** Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 93,8% sem telst til meðaltals og 35,7% telja sig fá nægan tíma til undirbúnings, vel undir meðaltali Skólavogar. Tækifæri til símenntunar meta starfsmenn vel undir meðaltali Skólavogar (4,3/4,9). Hlutfall starfsmanna sem eru virkir í símenntun mælist hæst í leikskólanna - vel yfir meðaltali Skólavogar. |

**Samantekt og breytingar frá fyrstu starfsmannakönnun í Skólapúlsinum 2015**

Þetta er í þriðja sinn sem starfsmannakönnun leikskólanna er í Skólapúlsinum, þ.e. 2015, 2017 og 2019. Spurningar eru endurskoðaðar árlega í samráði við notendur.

**Starfsaldur**

Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár hefur hækkað frá því að vera 53% árið 2015 í 70,0% 2019. (Var 75% 2017).

**Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum**

Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum er 3,1 stig 2019 og hefur lækkað frá því að vera 5,5 stig 2015.

**Uppeldi og menntun**

Ekki hafa orðið stórar breytingar á þessum þáttum, samstarf í leikskólanum er metið hærra nú 2019 (5,4) en 2017 (4,5). Hlutfall ánægðra starfsmanna með stuðning við börn með sérþarfir hefur hækkað frá 2017 en þá voru um 32% starfmanna ánægðir, en nú 61,1% sem þó er vel undir meðaltali Skólavogar sem er 81,9%.

**Símenntun og undirbúningur**

Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nægan undirbúningstíma hefur farið lækkandi og er nú vel undir meðaltali Skólavogar. Þeir sem fá undirbúningstíma eru 93,8% sem telst til meðaltals.

## 2.4 Bjarkalundur

Leikskólinn Bjarkalundur er í Vallarhverfinu og tók til starfa haustið 2016. Hann er fjögurra deilda með um 30 starfsmenn og 84 börn.

Leikskólastjóri: Telma Ýr Friðriksdóttir.
Aðstoðarleikskólastjóri: Elísabet Karlsdóttir



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 75,9% (10).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í þremur þáttum (21%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 8 þáttum (58%) og í þremur tilvikum (21%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektar-þáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<br><br>• ***Starfsaldur***: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár í leikskólum eru 45,5%, vel undir meðaltal Skólavogar.<br>• ***Viðhorf til leikskólans***: Starfsaðstöðu sína meta starfsmenn við meðaltal.<br>• ***Uppeldi og menntun:*** Hlutfall ánægðra starfsmanna með upplýsingar og stuðning vegna barna með sérþarfir er vel yfir meðaltali. Virkar samræður um starfið meta þeir vel undir meðaltali; 3,9/4,8. Annað við meðaltal.<br>• ***Símenntun og undirbúningur:*** Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 100% sem er vel yfir meðaltali og 63,6% telja sig fá nægan tíma til undirbúnings - vel undir meðaltali Skólavogar. Virkni í símenntun er 18,2% - vel yfir meðaltali. |

**Samantekt**

Bjarkarlundur er í fyrsta skipti 2019 með í starfsmannakönnun Skólapúlsins þannig að ekki er um samanburð milli ára að ræða.

**Starfsaldur**

Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár í leikskólum er 45,5%

**Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum**

Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum er 4,4 stig – við meðaltal Skólavogar

**Uppeldi og menntun**

Flestir þættir við meðaltal Skólavogar. Mat starfsmanna á virkum samræðum um starfið er þó vel undir meðaltali.

**Símenntun og undirbúningur**

Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nægan undirbúningstíma er 100% og vert að greina ástæður þess að menn telja sig ekki fá nægan tíma.

## 2.5 Hlíðarberg

Leikskólinn Hlíðarberg er í Setbergshverfi í Hafnarfirði og tók til starfa árið 1993. Hann er fimm deilda með 33 starfsmenn og um 100 börn.

Leikskólastjóri: Ólafía Guðmundsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Jóna Guðbjörg Ólafsdóttir



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 63,6% (17).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í fimm þáttum (36%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í fimm þáttum (36%) og í fjórum tilvikum (28%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<br><br>• ***Starfsaldur***: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár í leikskólum eru 81,0%, vel yfir meðaltali Skólavogar.<br><br>• ***Viðhorf til leikskólans***: Starfsaðstöðu sína meta starfsmenn vel undir meðaltali Skólavogar; 3,9/4,8.<br><br>• ***Uppeldi og menntun***: Fjórir af níu þáttum mælast vel yfir meðaltali; trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna og daglegt skipulag. Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans og stuðning við börn með sérþarfir er einnig vel yfir meðaltali. Samstarf í leikskólanum og virkni foreldra meta starfsmenn vel undir meðaltali. Annað telst til meðaltals.<br><br>• ***Símenntun og undirbúningur:*** Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 100% sem er vel yfir meðaltali en 58,3% telja sig fá nægan tíma til undirbúnings sem er vel undir |

| | |
|---|---|
| | meðaltali Skólavogar. Starfsmenn svara ekki spurningum um virkni í símenntun. |

**Samantekt og breytingar frá fyrstu starfsmannakönnun í Skólapúlsinum 2015**

Þetta  er í þriðja sinn sem starfsmannakönnun leikskólanna er í Skólapúlsinum, þ.e. 2015, 2017 og 2019. Spurningar eru endurskoðaðar árlega í samráði við notendur.

**Starfsaldur**

Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár í leikskólum hefur hækkað frá því að vera 73%  árið 2015 í 81,0% 2019.

**Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum**

Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum er 3,9  stig 2019 og hefur lækkað frá því að vera 5,3 stig 2017. Var 3,9 árið 2015.

**Uppeldi og menntun**

Ekki hafa orðið stórar breytingar á þessum þáttum nema hvað virkni foreldra mælist æ minna. Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með aðgengi að sérfræðingum utan skólans hefur farið vaxandi.

**Símenntun og undirbúningur**

Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nægan undirbúningstíma hefur farið vaxandi og er nú 100%. Þeir sem telja sig fá nægan undirbúningstíma eru 58,3% sem er vel undir meðaltali. Starfsmenn svara ekki spurningum um virkni í símenntun.

## 2.6 Hlíðarendi

Leikskólinn Hlíðarendi tók til starfa árið 1998. Hann er fjögurra deilda með 25 starfsmenn og um 84 börn.

Leikskólastjóri: Árný Steindóra Steindórsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri: Fjóla Kristjánsdóttir



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 75,0% (14).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í fimm þáttum (36%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í sex þáttum (43%) og í þremur tilvikum (21%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<br><br>• ***Starfsaldur***: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár í leikskólum eru 77,8%, vel yfir meðaltal Skólavogar.<br>• ***Viðhorf til leikskólans***: Starfsaðstöðu sína meta starfsmenn rétt yfir meðaltalil Skólavogar; 5,1/4,8.<br>• ***Uppeldi og menntun:*** Fjórir af níu þáttum í þessum flokki mælast vel yfir meðaltali Skólavogarinnar. Samstarf í leikskólanum mælist 6,7 stig sem er með því hæsta í leikskólum bæjarins. Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna og virkar samræður um starfið mælast vel undir meðaltali. Annað við meðaltal.<br>• ***Símenntun og undirbúningur:*** Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 100% sem er vel yfir meðaltali en 42,9% sem telja sig fá nægan tíma til undirbúnings og er það vel undir |

| | |
|---|---|
| | meðaltali Skólavogar. Virkni í símenntun mælist 5,9% sem telst til meðaltals. |

**Samantekt og breytingar frá fyrstu starfsmannakönnun í Skólapúlsinum 2015**
Þetta er í þriðja sinn sem starfsmannakönnun leikskólanna er í Skólapúlsinum, þ.e. 2015, 2017 og 2019. Spurningar eru endurskoðaðar árlega í samráði við notendur.

**Starfsaldur**
Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár í leikskólum hefur hækkað frá því að vera 68% árið 2015 í 77,8% 2019.

**Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum**
Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum er 5,1 stig 2019 og hefur lækkað frá því að vera 5,5 stig 2017.

**Uppeldi og menntun**
Mat starfsmanna sem varða trú á eigin getu við uppeldi, menntun, daglegt skipulag, að tryggja jöfnuð og samstarf í leikskólanum hefur farið lækkandi síðan 2015. Virkar samræður um starfið og virkni foreldra meta starfsmenn nú lægra en fyrr.

**Símenntun og undirbúningur**
Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nægan undirbúningstíma hefur farið vaxandi og er nú 100%. Þeir sem telja sig fá nægan undirbúningstíma eru 42,9% sem er vel undir meðaltali. Og hefur farið lækkandi síðan 2015. Virkni í símenntun mælist 5,9% sem er rétt undir meðaltali Skólavogar.

## 2.7 Hraunvallaskóli, leikskóladeild

Leikskólinn í Hraunvallaskóla við Drekavelli tók til starfa árið 2005. Leikskólinn er fjögurra deilda með um 95 börn og 25 starfsmenn.

Leikskólastjóri: Sigrún Kristinsdóttir (þegar könnun var framkvæmd.) Guðbjörg Hjaltadóttir er núverandi leikskólastjóri

Aðstoðarleikskólastjóri: Guðmundína Hermannsdóttir



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 77,3% (14).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er ekki 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í neinum þætti. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í þremur tilvikum (21%) og í ellefu þáttum 79% undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektar-þáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem metin eru hér og skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<br><br>• ***Starfsaldur***: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár í leikskólum eru 82,4%, vel yfir meðaltali Skólavogar.<br><br>• ***Viðhorf til leikskólans***: Starfsaðstöðu sína meta starfsmenn vel undir meðaltali Skólavogar; 2,6/4,8.<br><br>• ***Uppeldi og menntun:*** Allir þættir nema tveir mælast vel undir meðaltali. Mat á samstarfi í leikskólanum og virkum samræðum um starfið telst til meðaltala Skólavogar.<br><br>• ***Símenntun og undirbúningur:*** Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 66,7% sem er vel undir meðaltali og 62,5% sem telja sig fá nægan tíma til undirbúnings. Virkni í símenntun mælist 11,1%. Tækifæri til símenntunar meta starfsmenn vel undir meðaltali 4,3/4,9. |

**Samantekt og breytingar frá fyrstu starfsmannakönnun í Skólapúlsinum 2015**

Þetta er í þriðja sinn sem starfsmannakönnun leikskólanna er í Skólapúlsinum, þ.e. 2015, 2017 og 2019. Spurningar eru endurskoðaðar árlega í samráði við notendur.

**Starfsaldur**

Hlutfall starfsmanna sem er með lengri starfsaldur en 4 ár í leikskólum hefur hækkað frá því að vera 45% árið 2015 í 82,4% 2019.

**Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum**

Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum er 2,6 stig 2019 og hefur lækkað frá því að vera 4,4 stig bæði árin 2015 og 2017.

**Uppeldi og menntun**

Mat starfsmanna á flestum þátta í þessum flokki hefur farið lækkandi (undanskilið er samstarf í leikskólanum sem er nú metið hærra en áður) og áskorun að greina þessi atriði.

**Símenntun og undirbúningur**

Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nægan undirbúningstíma hefur lækkað - var 100% 2017. Hlutfall þeirra sem telja sig fá nægan undirbúningstíma hefur lækkað frá árinu 2017 og er 62,5% árið 2019 sem er vel undir meðaltali. Virkni í símenntun mælist 11,1% sem er rétt yfir meðaltali Skólavogar.

## 2.8 Hvammur

Leikskólinn Hvammur er við Staðarhvamm og tók til starfa 1988. Hann er sex deilda með 31 starfsmann.

Leikskólastjóri: Ásta María Björnsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Þóra Kristjana Einarsdóttir.



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 68,8% (14).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í einum þætti (7%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í átta þáttum (57%) og í fimm tilvikum (36%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<br><br>• ***Starfsaldur***: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár í leikskólum eru 63,6%, sem telst til meðaltals Skólavogar.<br><br>• ***Viðhorf til leikskólans***: Starfsaðstöðu sína meta starfsmenn vel undir meðaltali Skólavogar; 4,2/4,8.<br><br>• ***Uppeldi og menntun:*** Sex af níu þáttum teljast til meðaltals Skólavogar. Þrír eru vel undir meðaltali; trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna og daglegt skipulag og hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með stuðning við börn með sérþarfir.<br><br>• ***Símenntun og undirbúningur:*** Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 100% og 68,8% telja sig fá nægan tíma til undirbúnings sem er við meðaltal Skólavogar. Starfsmenn svara ekki spurningum um virkni í símenntun. Tækifæri til símenntunar meta starfsmenn vel við meðaltal - 4,5/4,9. |

**Samantekt og breytingar frá fyrstu starfsmannakönnun í Skólapúlsinum 2015**

Þetta  er í þriðja sinn sem starfsmannakönnun leikskólanna er í Skólapúlsinum, þ.e. 2015, 2017 og 2019. Spurningar eru endurskoðaðar árlega í samráði við notendur.

**Starfsaldur**

Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár í leikskólum hefur hækkað frá því að vera 52%  árið 2015 í 63,6% 2019. Var 70% 2017.

**Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum**

Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum er 4,2  stig 2019 og hefur farið lækkandi; var 5,4 stig 2015 og 5,1 stig 2017.

**Uppeldi og menntun**

Mat starfsmanna sem varðar trú á eigin getu við uppeldi, menntun og daglegt skipulag, hefur farið lækkandi síðan 2015. Virkar samræður um starfið og virkni foreldra meta starfsmenn einnig lægra en fyrr þó matið nú teljist til meðaltals.

**Símenntun og undirbúningur**

Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nægan undirbúningstíma hefur farið vaxandi og er nú 100%, var það sama 2017 en 81% 2015. Þeir sem telja sig fá nægan undirbúningstíma eru 68,8% og hefur lækkað síðan 2017.

## 2.9 Hörðuvellir

Leikskólinn Hörðuvellir stendur við Lækjarskóla Tjarnarbraut. Hann tók til starfa árið 1935 og er fjögurra deilda leikskóli með 23 starfsmenn og 75 börn.

Leikskólastjóri: Sigþrúður Sigurþórsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri: Jóna Elín Pétursdóttir



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 71,4% (10).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í þremur þáttum (13%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 13 þáttum og í sjö tilvikum (30%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<br><br>• ***Starfsaldur***: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár í leikskólum eru 66,7%, sem telst til meðaltals Skólavogar.<br><br>• ***Viðhorf til leikskólans***: Starfsaðstöðu sína meta starfsmenn vel yfir meðaltali Skólavogar; 5,5/4,8.<br><br>• ***Uppeldi og menntun:*** Tveir þættir af níu eru vel yfir meðaltali; trú á eigin getu við uppeldi og menntun og að tryggja jöfnuð. Samstarf í leikskólanum, virkni foreldra og hlutfall ánægðra með aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans, stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir og upplýsingar um þau, er vel undir meðaltali Skólavogar.<br><br>• ***Símenntun og undirbúningur:*** Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 100% og 81,8% sem telja sig fá nægan tíma til undirbúnings sem er vel yfir meðaltali Skólavogar. Starfsmenn svara ekki spurningum um virkni í símenntun. |

**Samantekt og breytingar frá fyrstu starfsmannakönnun í Skólapúlsinum 2015**

Þetta er í þriðja sinn sem starfsmannakönnun leikskólanna er í Skólapúlsinum, þ.e. 2015, 2017 og 2019. Spurningar eru endurskoðaðar árlega í samráði við notendur.

**Starfsaldur**

Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár í leikskólum hefur hækkað frá því að vera 58% árið 2015 í 66,7% 2019. Var 71% 2017.

**Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum**

Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum er 5,5 stig 2019 og hefur hækkað frá því að vera 4,0 stig 2015 og 5,0 stig 2017.

**Uppeldi og menntun**

Mat starfsmanna sem varða trú á eigin getu við uppeldi, menntun og að tryggja jöfnuð hefur farið hækkandi síðan 2015. Virkni foreldra meta starfsmenn nú (3,4 stig) töluvert lægra en 2017 sem var þá metið til 4,2 stiga.

**Símenntun og undirbúningur**

Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nægan undirbúningstíma hefur farið vaxandi og er nú 100%. Þeir sem telja sig fá nægan undirbúningstíma eru 81,8% sem er vel yfir meðaltali. Starfsmenn svara ekki spurningum um virkni í símenntun.

## 2.10 Norðurberg

Leikskólinn Norðurberg er í norðurbæ Hafnarfjarðar. Hann tók til starfa árið 1982 og er fimm deilda leikskóli með 32 starfsmenn.

Leikskólastjóri: Anna Sigurborg Harðardóttir
Aðstoðarleikskólastjóri: Gunnhildur Grímsdóttir



| | Samantekt á niðurstöðum |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 83,3% (21).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í sjö þáttum (50%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í fimm þáttum (36%). og í tveimur tilvikum (14%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<br><br>• ***Starfsaldur***: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár í leikskólum er 84,0%, vel yfir meðaltali Skólavogar.<br><br>• ***Viðhorf til leikskólans***: Starfsmenn meta starfsaðstöðu sína við meðaltal Skólavogar (5,0/4,8).<br><br>• ***Uppeldi og menntun:*** Fimm af níu þáttum mælast vel yfir meðaltali. Virkar samræður um starfið meta starfsmenn vel undir meðaltali 4,3/4,8.<br><br>• ***Símenntun og undirbúningur: :*** Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 87,5% - vel undir meðaltali og 87,5% telja sig fá nægan tíma til undirbúnings og er það vel yfir meðaltali Skólavogar. Hlutfall starfsmanna sem eru virkir í símenntun mælist 4,0 % sem telst við meðaltal Skólavogar og starfsmenn meta tækifæri til símenntunar vel yfir meðaltali (5,6/4,9). |

**Samantekt og breytingar frá fyrri starfsmannakönnunum.**

Þetta er í þriðja sinn sem starfsmannakönnun leikskólanna er í Skólapúlsinum, þ.e. 2015, 2017 og 2019. Spurningar eru endurskoðaðar árlega í samráði við notendur.

**Starfsaldur**

Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár hefur hækkað frá því að vera 72,0% árið 2015 í 84,0% 2019. (Var 79% 2017).

**Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum**

Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum er 4,9 stig 2019 og hefur lækkað frá því að vera 5,7 stig 2017.

**Uppeldi og menntun**

Mat starfsmanna á trú á eigin getu við daglegt skipulag hefir hækkað frá 2015. Virkni foreldra í leikskólastarfinu hefur verið metið hátt í undarförnum könnunum og er svo enn 6,2/4,9. Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans, stuðning við börn með sérþarfir og upplýsingar um þau er vel yfir meðaltali. Starfsmenn meta virkar samræður um starfið vel undir meðaltali Skólavogar.

**Símenntun og undirbúningur**

Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nægan undirbúningstíma hefur lækkað síðan 2017 og er nú vel undir meðaltali Skólavogar 87,5%/93%. Hins vegar er hlutfalli þeirra sem telja sig hafa nægan undirbúningstíma vel yfir meðaltalinu. Tækifæri til símenntunar meta starfsmenn vel yfir meðaltali Skólavogar.

## 2.11 Smáralundur

Smáralundur er við Smárabarð og var Leikskólinn Kató sameinaður honum árið 2013. Leikskólinn er þriggja deilda með 59 börn og 22 starfsmenn. (í dag er skólinn 4ra deilda með alls 69 börn).

Leikskólastjóri: Inga Fríða Tryggvadóttir
Aðstoðarleikskólastjóri: Dadda Sigríður Árnadóttir



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 80,0% (13).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í átta þáttum (57%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 5 þáttum (36%) og í einu tilviki (7%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<br><br>• ***Starfsaldur***: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár í leikskólum er 81,2%, vel yfir meðaltali Skólavogar.<br><br>• ***Viðhorf til leikskólans***: Starfsmenn meta starfsaðstöðu sína vel yfir meðaltali Skólavogar (5,7/4,8).<br><br>• ***Uppeldi og menntun:*** Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna meta starfsmenn vel yfir meðaltali - 5,6/5,1. Ánægja þeirra með aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan leikskólans er 92,3%. Ánægja með upplýsingar og stuðning við börn með sérþarfir mælist einnig vel yfir meðaltali; 86,7%, en meðaltal Skólavogar er 73,1%.<br><br>• ***Símenntun og undirbúningur:*** Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 100%. Hlutfall starfsmanna sem telja sig fá nægan tíma til undirbúnings er 83,3% og er það vel yfir |

| | |
|---|---|
| | meðaltali Skólavogar. Tækifæri til símenntunar og virkni í símenntun meta starfsmenn einnig vel yfir meðaltali. |

**Samantekt og breytingar frá fyrri starfsmannakönnunum.**

Þetta er í þriðja sinn sem starfsmannakönnun leikskólanna er í Skólapúlsinum, þ.e. 2015, 2017 og 2019. Spurningar eru endurskoðaðar árlega í samráði við notendur.

**Starfsaldur**

Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár hefur verið yfir 80% öll þrjú árin sem starfsmannakönnunin hefur verið gerð .

**Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum**

Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum er 5,7 stig 2019 og hefur farið stighækkandi frá 2015 sem var þá 4,7 stig og 5,6 stig 2017.

**Uppeldi og menntun**

Mat starfsmanna á trú á eigin getu við daglegt skipulag hefir hækkað frá 2015 frá því að vera 4,6 þá. Virkni foreldra í leikskólastarfinu hefur verið á sama bili í undarförnum könnunum og er nú 4,9 sem er við meðaltal. Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans, og upplýsingar um þau er vel yfir meðaltali. Hlutfall starfsmanna sem er ángægður með stuðning við börn með sérþarfir er 75% sem er vel undir meðaltali.

**Símenntun og undirbúningur**

Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nægan undirbúningstíma hefur hækkað og er nú 100%. Hlutfall þeirra sem telja sig hafa nægan undirbúningstíma er einnig vel yfir meðaltali. Tækifæri til símenntunar og virkni í símenntun mælast einnig vel yfir meðaltalinu.

## 2.12 Stekkjarás

Leikskólinn Stekkjarás við Ásbraut tók til starfa árið 2004. Skólinn er átta deilda með um 170 börn og starfsmenn eru 43.

Leikskólastjóri: Alda Agnes Sveinsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri: Michelle Sonja Horn



| | Samantekt á niðurstöðum |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 57,4% (20).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í einum þætti (7%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í átta þáttum (57%) og í fimm tilvikum (36%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<br><br>• ***Starfsaldur***: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár í leikskólum er 64,5%, við meðaltal Skólavogar.<br><br>• ***Viðhorf til leikskólans***: Starfsmenn meta starfsaðstöðu sína vel undir meðaltali Skólavogar (4,3/4,8).<br><br>• ***Uppeldi og menntun:*** Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna, daglegt skipulag, getu til að tryggja jöfnuð, virkar samræður um starfið meta starfsmenn við meðaltal. Samstarf, virkni foreldra, aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans og upplýsingar og stuðning vegna barna með sérþarfir meta starfsmenn vel undir meðaltali. Hlutfall ánægðra starfsmanna með stuðning í leikskólanum fyrir börn með sérþarfir telst til meðaltals.<br><br>• ***Símenntun og undirbúningur:*** Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 100%. Hins vegar eru það 64,5% sem telja sig fá nægan tíma til undirbúnings sem telst til meðaltals |

| | |
|---|---|
| | Skólavogar. Tækifæri til símenntunar og virkni í símenntun meta starfsmenn við meðaltal. |

**Samantekt og breytingar frá fyrstu starfsmannakönnun í Skólapúlsinum 2015**

Þetta er í þriðja sinn sem starfsmannakönnun leikskólanna er í Skólapúlsinum, þ.e. 2015, 2017 og 2019. Spurningar eru endurskoðaðar árlega í samráði við notendur.

**Starfsaldur**

Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár í leikskólum er 64,5% 2019. Var 68% 2017 og 45% árið 2015.

**Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum**

Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum er 4,3 stig 2019 – vel undir meðaltali og hefur verið svipað frá 2015.

**Uppeldi og menntun**

Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna, daglegt skipulag, getu til að tryggja jöfnuð, virkar samræður um starfið meta starfsmenn við meðaltal og er svipað og hin fyrri árin. Mat starfsmanna á samstarfi í leikskólanum hefur farið lækkandi úr 5,0 stig 2015 í 4,0 2019. Virkni foreldra meta starfsmann lægra (4,3) 2019 en 2015 sem var þá 5,1 stig. Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans hefur aðeins farið hækkandi frá 2015 en er þó vel undir meðaltali.

**Símenntun og undirbúningur**

Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma hefur farið vaxandi og er nú 100. Þeir sem telja sig fá nægan undirbúningstíma eru 65,4% og hefur hækkað síðan 2017. Tækifæri til símenntunar og virkni í símenntun mælast við meðaltal.

## 2.13 Tjarnarás

Leikskólinn Tjarnarás tók til starfa 2001. Skólinn er fjögurra deilda með 80 börn og 28 starfsmenn.

Leikskólastjóri: Hjördís Fenger
Aðstoðarleikskólastjóri: Bryndís Guðlaugsdóttir



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 85,7% (19).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í þremur þáttum (21%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í átta þáttum (58%) og í þremur þáttum (21%). undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<br><br>• ***Starfsaldur***: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár í leikskólum eru 79,2% sem er vel yfir meðaltali Skólavogar.<br><br>• ***Viðhorf til leikskólans***. Mat starfsmanna á starfsaðastöðu sinni mælist við meðaltal; 4,9/4,8.<br><br>• ***Uppeldi og menntun:*** Þrír af níu þáttum eru vel yfir meðaltali; trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna, daglegt skipulag og að tryggja jöfnuð. Virkni foreldra, hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans og um upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir mælist vel undir meðaltali. Samstarf í leikskólanum, virkar samræður um starfið og hlutfall starfsmanna sem er ánægður með stuðning við börn með sérþarfir teljast til meðaltals.<br><br>• ***Símenntun og undirbúningur:*** Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 94,7% sem telst við meðaltal og 70,6% telja sig fá nægan tíma til undirbúnings og telst það einnig til meðaltals Skólavogar. Hlutfall starfsmanna sem eru virkir í símenntun mælist 4,3 % sem telst við meðaltal Skólavogar. |

### Samantekt og breytingar frá fyrstu starfsmannakönnun í Skólapúlsinum 2015

Þetta er í þriðja sinn sem starfsmannakönnun leikskólanna er í Skólapúlsinum, þ.e. 2015, 2017 og 2019. Spurningar eru endurskoðaðar árlega í samráði við notendur.

### Starfsaldur

Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár í leikskólum er 79,2% - vel yfir meðaltali Skólavogar. Var 89% 2017 og 76% árið 2015.

### Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum

Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum er 4,9 stig 2019 (við meðaltal) og hefur hækkað frá því að vera 4,0 stig 2015.

### Uppeldi og menntun

Mat starfsmanna hvað varðar trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna, daglegt skipulag og að tryggja jöfnuð hefur hækkað jafnt og þétt frá 2015 - mælast vel yfir meðaltali. Mat á virkni foreldra og aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans hefur farið lækkandi – mælast vel undir meðaltali.

### Símenntun og undirbúningur

Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nægan undirbúningstíma hefur farið vaxandi frá 2015, var 100% 2017 og er nú 94,7%. Þeir sem telja sig fá nægan undirbúningstíma eru 70,6% sem telst til meðaltals. Virkni í símenntun mælist við meðaltal.

## 2.14 Vesturkot

Leikskólinn Vesturkot er við Miklaholt á Hvaleyrarholtinu og var opnaður árið 1994. Hann er fjögurra deilda með um 84 börn og starfsmenn eru 26.

Leikskólastjóri: Særún Þorláksdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Inga Þóra Ásdísardóttir



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 79,3% (19).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í fjórum (28%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í átta þáttum (58%) og í tveimur tilvikum (14%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<br><br>• ***Starfsaldur***: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár í leikskólum er 82,6%, vel yfir meðaltali Skólavogar.<br>• ***Viðhorf til leikskólans***: Starfsmenn meta starfsaðstöðu sína vel undir meðaltali Skólavogar (3,4/4,8).<br>• ***Uppeldi og menntun:*** Starfsmenn meta tvo þætti af níu í þessum flokki vel yfir meðaltali Skólavogar; virkni foreldra og aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans. Annað við meðaltal.<br>• ***Símenntun og undirbúningur:*** Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 100%. 61,1% telja sig fá nægan tíma til undirbúnings, vel undir meðaltali Skólavogar. Tækifæri til símenntunar og virkni í símenntun mælast við meðaltal. |

**Samantekt og breytingar frá fyrstu starfsmannakönnun í Skólapúlsinum 2015**

Þetta er í þriðja sinn sem starfsmannakönnun leikskólanna er í Skólapúlsinum, þ.e. 2015, 2017 og 2019. Spurningar eru endurskoðaðar árlega í samráði við notendur.

**Starfsaldur**

Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár hefur hækkað frá því að vera 64% árið 2015 í 82,6% 2019.

**Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum**

Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum er 3,4 stig 2019 og vel undir meðaltali - hefur lækkað frá því að vera 5,7 stig 2015.

**Uppeldi og menntun**

Virkni foreldra í leikskólastarfinu hefur mælst há öll árin; 2015- 6,1 stig, 2017 – 6,9 og 2019 6,4 stig vel yfir meðaltali Skólavogar. Mat starfsmanna hvað varðar trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna, daglegt skipulag, samstarf og virkar samræður um starfið hefur lækkað frá 2015.

**Símenntun og undirbúningur**

Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nægan undirbúningstíma er 100% en þeir sem telja sig fá nægan tíma til undirbúningsins eru 61,1% - vel undir meðaltali. Virkni og tækifæri til símenntunar símenntun mælast við meðaltal.

## 2.15 Víðivellir

Starfsemi Víðivalla hófst árið 1977. Frá upphafi hafa verið ung börn í leikskólanum og eru yngstu börnin nú sex mánaða gömul. Starfsmenn eru 48 og börnin 128.

Leikskólastjóri: Hulda S. Hauksdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Arnrún Einarsdóttir



| | **Samantekt á niðurstöðum** |
|---|---|
| **Starfsmannakönnun**<br><br>Allir starfsmenn eru í úrtaki og svarhlutfall er 63,8% (19).<br><br>Viðmiðunarhópur er 47 leikskólar í 21 sveitarfélögum. | Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í fjögur atriði. Af þessum átján þáttum eru fjögur í samantektartöflu í viðauka sem ekki eru tekin með í samanburð en fjallað um þau í texta ef tilefni er til. Þessi atriði varða starfsaldur, símenntunarþörf og hindranir í símenntun starfsfólks.<br><br>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í einum þætti (7%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í fimm þáttum (36%) og í átta tilvikum (57%) undir 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 14 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi fjóra flokka:<br><br>• ***Starfsaldur***: Starfsmenn sem hafa starfað lengur en 4 ár við leikskólann eru 63,3% sem er við meðaltal Skólavogar en vel undir meðaltali bæjarins.<br><br>• ***Viðhorf til leikskólans***: Starfsaðstöðu sína meta starfsmenn vel undir meðaltali; 3,4/4,8.<br><br>• ***Uppeldi og menntun:*** Mat starfsmanna á trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna, daglegt skipulag, að tryggja jöfnuð, virkar samræður um starfið og virkni foreldra mælast vel undir meðaltali Skólavogar. Annað við meðaltal.<br><br>• ***Símenntun og undirbúningur:*** Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er 100% og 63,6% telja sig fá nægan tíma til undirbúnings sem er vel undir meðaltali Skólavogar. Starfsmenn meta tækifæri til símenntunar vel undir meðaltali en virkni í símenntun er við meðaltal. |

## Samantekt og breytingar frá fyrstu starfsmannakönnun í Skólapúlsinum 2015

### Starfsaldur

Hlutfall starfsmanna sem var með lengri starfsaldur en 4 ár í leikskólum hefur lækkað frá árinu 2015 úr 74% í 63,3% árið 2019.

### Mat starfsmanna á vinnuaðstæðum

Mat starfsmanna á starfsaðstæðum sínum hefur farið lækkandi frá 2015 en þá var það 4,6 og er 3,4/4,8 árið 2019.

### Uppeldi og menntun

Mat starfsmanna á trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna, daglegt skipulag, að tryggja jöfnuð, virkar samræður um starfið og virkni foreldra mælast vel undir meðaltali Skólavogar nú 2019 og hafa allir þessir þættir lækkað töluvert frá árinu 2015. Ánægja starfsmanna með aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans hefur farið hækkandi frá 2015.

### Símenntun og undirbúningur

Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nægan undirbúningstíma hefur hækkað síðan 2015 en hlutfall þeirra sem telja sig fá nægilegan tíma fer lækkandi. Tækifæri til símenntunar meta starfsmenn vel undir meðaltali en virkni í símenntun telst til meðalatals.

## 3. Hvað svo?

Það er ekki einhlítt hvernig leggja skuli mat á niðurstöður viðhorfakannana og alltaf vandi fólginn í því að draga fram raunhæft mat á grundvelli afmarkaðra gagna því þau eru í sjálfu sér ekki veruleikinn, heldur aðeins svör við afmörkuðum og lokuðum spurningum sem eru skildar á persónulegan hátt og af takmörkuðum fjölda svarenda hverju sinni. Framsetning og úrvinnsla Skólavogarinnar á þó að tryggja að niðurstöðurnar verði sem marktækastar, þ.e. úrtakið endurspegli þýðið í heild sinni að því tilskildu að svarhlutfall sé hátt. Skólavogin er áreiðanlegasta matstækið sem við höfum nú til að mæla og meta viðhorf hagsmunaðila sem koma að skólastarfinu og fá raunhæfan samanburð (hinir skólarnir í Skólavoginni).

Framangreind samantekt á niðurstöðum Skólapúlsins fyrir hafnfirska leikskóla og bæjarfélagið í heild sinni markast af framsetningunni. Í framhaldinu mun koma í ljós hvort þessi framsetning færir einstaka leikskólum og sveitarfélaginu upplýsingar sem nýtast til að fylgja eftir áherslum í skólastarfinu og stuðla að skólaþróun. Gögnin í Skólapúlsinum eru talin geta gefið vísbendingar um viðfangsefni og verkefni sem þörf er á að sinna núna til að efla skólastarfið og vinna að frekari skólaþróun í leikskólum Hafnarfjarðar.

Skólavogin, sem samantekt upplýsinga úr Skólapúlsinum, er útbúin sem verkfæri fyrir sveitarfélög til að fá raunhæf gögn um starfsemi sinna skóla. Markmiðið er að fá upplýsingar sem geti nýst til að meta starfsemi einstakra skóla og taka ákvarðanir til úrbóta á grunni trúverðugra gagna. Í þeim tilgangi er þessi skýrsla gerð  og er hún bæði hluti af ytra mati (sveitarfélags) og innra mati (leikskóla). Skólavogsskýrslan 2017-2018 fyrir leikskóla Hafnarfjarðar færir bæði sveitarfélaginu og einstaka skólum verkefni eins og að framan er greint og í kjölfarið tekur við umbótatími sem er eitt skólaár hið minnsta en einstök umbótaverkefni geta verið til fleiri ára. Það er Skólaskrifstofunnar að fylgja þeim eftir.

Þetta er í þriðja skipti sem samantekt er gerð á niðurstöðum Skólapúlsins fyrir leikskóla Hafnarfjarðar. Þegar búið er að vinna samantektir oftar en einu sinni fæst samanburður – og þess heldur því oftar sem rannsókn fer fram á sama hátt. Slíkt gefur möguleika á samanburði milli ára. Það færir skólum og sveitarfélögum tækifæri til að sjá hvort breytingar í niðurstöðum milli ára gefi framfarir til kynna á þeim þáttum sem talið var æskilegt að sinna í umbótaferli. Að því leyti skiptir máli að halda föstum verkferlum í gangi líkt og árlegri þátttöku í Skólapúlsinum og umbótaverkefnum í kjölfarið.

Meginatriði í framhaldi niðurstaðna Skólapúlsins/-vogarinnar og skýrslugerðarinnar eru:

1. Hver skóli gerir mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun sem hluti starfsáætlunar skólans. Sömuleiðis er það sveitarfélagsins að meta þörf fyrir frekari bjargir til skólastarfsins í heild sinni, þ.e. aðstæður sem eru sameiginlegar fyrir alla grunnskóla bækjarins
2. Fræðslusvið skoðar niðurstöður Skólapúlsins og leggur til sínar áherslur í mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun skólans (þessi skýrsla færir þær niðurstöður auk þess sem skólinn hafði áður fengið sjálfur um sig í Skólapúlsinum). Frekari umræða við einstaka skóla er síðan skoðaður.
3. Hver skóli yfirfer/endurskoðar eigin mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun (stefna, staða og væntanlegar aðgerðir) í ljósi þessarar skýrslu eins og þörf er á.
4. Skóli kynnir mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun sína (starfsfólk, skólaráð, starfsáætlun/skólavefur).
5. Skóli vinnur að umbótaverkefnum yfir skólaárið.
6. Mælingar Skólapúlsins eru endurteknar að ári og staða metin á ný, þ.e. árangur umbótaverkefna með sérstöku tilliti til fyrri niðurstaðna Skólapúlsins.
7. Fræðslusvið fylgir eftir umbótaverkefnum og árangri þeirra í einstaka skólum.

# Viðauki

## Viðauki 1: Tafla með samantekt starfsmannakönnunar febrúar 2019

| | Arnarberg | Álfaberg | Álfasteinn | Bjarkalundur | Hlíðarberg | Hlíðarendi | Hraunallaskóli | Hvammur | Hörðuvellir | Norðurberg | Smáralundur | Stekkjarás | Tjarnarás | Vesturkot | Víðivellir | Hafnarfjörður | Skólavogin (Landið allt) | Sæti af 21 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Svarhlutfall (%) | **73,1** | **75,0** | **76,9** | **75,9** | **63,6** | **63,6** | **77,3** | **68,8** | **71,4** | **83,3** | **80,0** | **57,4** | **85,7** | **79,3** | **63,8** | **72,1** | **-** | **-** |
| **1. Almennt um starfsfólk** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1.1. Starfsaldur í leikskólum; 4 ár eða fleiri % | 78,9 | 72,2 | 70,0 | 45,5 | 81,0 | 77,8 | 82,4 | 63,6 | 66,7 | 84,0 | 81,2 | 64,5 | 79,2 | 82,6 | 63,3 | 72,3 | 61,9 | 2 |
| **2. Viðhorf til leikskólans** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 2.1. Starfsaðstaða í leikskólanum | 3,9 | 5,8 | 3,1 | 4,4 | 3,9 | 5,1 | 2,6 | 4,2 | 5,5 | 5,0 | 5,7 | 4,3 | 4,9 | 3,4 | 3,4 | 4,3 | 4,8 | 14 |
| **3 Uppeldi og menntun** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 3.1 Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna | 5,0 | 6,0 | 5,6 | 5,2 | 5,6 | 4,3 | 4,2 | 4,4 | 6,3 | 4,9 | 5,6 | 5,1 | 6,2 | 5,3 | 3,8 | 5,1 | 5,1 | 11 |
| 3.2. Trú á eigin getu við daglegt skipulag | 4,4 | 5,6 | 5,3 | 4,6 | 5,5 | 4,5 | 3,6 | 4,0 | 5,1 | 5,5 | 5,2 | 4,9 | 6,3 | 5,1 | 3,8 | 4,9 | 4,9 | 10 |
| 3.3 Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð | 4,4 | 6,1 | 5,4 | 5,2 | 5,1 | 4,7 | 4,6 | 5,1 | 6,7 | 4,7 | 5,1 | 4,7 | 5,9 | 5,2 | 3,8 | 5,0 | 5,1 | 11 |
| 3.4 Samstarf í leikskólanum | 3,7 | 6,7 | 5,4 | 5,4 | 3,9 | 6,7 | 5,1 | 5,3 | 3,4 | 5,2 | 4,9 | 4,0 | 5,1 | 5,5 | 5,3 | 5,1 | 5,0 | 9 |
| 3.5 Virkar samræður um starfið | 3,9 | 5,8 | 4,8 | 3,9 | 4,9 | 4,0 | 4,6 | 5,0 | 4,4 | 4,3 | 4,9 | 4,1 | 4,7 | 5,1 | 4,0 | 4,5 | 4,8 | 14 |
| 3.6 Virkni foreldra í leikskólastarfinu | 3,6 | 5,2 | 4,8 | 4,6 | 4,2 | 5,2 | 4,3 | 4,7 | 3,4 | 6,2 | 4,7 | 4,3 | 3,6 | 6,4 | 3,7 | 4,6 | 4,9 | 12 |
| 3.7 Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans % | 73,3 | 92,9 | 81,8 | 68,8 | 78,6 | 88,9 | 33,3 | 73,3 | 50,0 | 95,2 | 92,3 | 63,6 | 63,2 | 76,5 | 72,7 | 73,8 | 70,3 | 10 |
| 3.8 Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir % | 83,3 | 93,8 | 61,1 | 84,2 | 88,9 | 92,9 | 50,0 | 71,4 | 54,5 | 95,8 | 75,0 | 85,2 | 81,8 | 81,8 | 78,6 | 79,6 | 81,9 | 13 |
| 3.9 Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir % | 81,2 | 100 | 52,6 | 85,7 | 76,5 | 91,7 | 50,0 | 76,5 | 33,3 | 90,5 | 86,7 | 60,0 | 63,6 | 77,8 | 73,1 | 73,5 | 73,1 | 11 |

| | Arnarberg | Álfaberg | Álfasteinn | Bjarkalundur | Hlíðarberg | Hlíðarendi | Hraunvallaskóli | Hvammur | Hörðuvellir | Norðurberg | Smáraludur | Stekkjarás | Tjarnarás | Vesturkot | Víðivellir | Hafnarfjörður | Skólavogin (Landið allt) | Sæti af 21 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **4. Símenntun og undirbúningstími** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 4.1. Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma % | 91,7 | 75,0 | 93,8 | 100 | 100 | 100 | 66,7 | 100 | 100 | 87,5 | 100 | 100 | 94,7 | 100 | 100 | 94,3 | 93,0 | 12 |
| 4.2. Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma % | 54,5 | 88,9 | 35,7 | 63,6 | 58,3 | 42,9 | 62,5 | 68,8 | 81,8 | 87,5 | 83,3 | 65,4 | 70,6 | 61,1 | 63,6 | 65,6 | 68,7 | 14 |
| 4.4. Tækifæri til símenntunar | 4,0 | 5,8 | 4,3 | 4,4 | 4,7 | 4,9 | 3,5 | 4,5 | 4,5 | 5,6 | 5,8 | 4,8 | 4,9 | 4,7 | 4,1 | 4,7 | 4,9 | 12 |
| 4.5. Virkni í símenntun % | 0,0 | 11,8 | 21,1 | 18,2 | 0,0 | 5,9 | 11,1 | 0,0 | 0,0 | 4,0 | 12,5 | 3,3 | 4,3 | 4,5 | 6,9 | 6,7 | 6,4 | 7 |
| 4.6. Símenntunarþörf starfsfólks | 4,8 | 5,4 | 4,7 | 4,8 | 4,6 | 4,8 | 4,3 | 5,6 | 3,5 | 4,6 | 4,5 | 4,3 | 3,9 | 5,7 | 4,9 | 4,7 | 4,9 | 18 |
| 4.7. Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símanntun undanfarið ár % | 55,6 | 37,5 | 66,7 | 61,9 | 72,2 | 82,4 | 58,8 | 57,1 | 30,8 | 58,3 | 26,7 | 58,6 | 76,2 | 50,0 | 63,0 | 58,4 | 58,6 | 13 |
| 4.8. Hindranir í símenntun starfsfólks % * | 60,0 | 16,7 | 36,4 | 22,2 | 54,5 | 46,2 | 62,5 | 50,0 | - | 33,3 | - | 50,0 | 60,0 | 70,0 | 66,7 | 49,2 | 56,9 | 14 |
| (%) | **7** | **79** | **21** | **21** | **36** | **36** | **0** | **7** | **36** | **50** | **57** | **7** | **21** | **28** | **7** | **0** | | |
| (%) | **29** | **14** | **43** | **58** | **36** | **43** | **21** | **57** | **21** | **36** | **36** | **57** | **58** | **58** | **36** | **93** | | |
| (%) | **64** | **7** | **36** | **21** | **28** | **21** | **79** | **36** | **43** | **14** | **7** | **36** | **21** | **14** | **57** | **7** | | |

*Hér eru gildi öfug miðað við önnur í töflunni – **lægri tala: betri niðurstöður**.

Í dálkinum sem nefndur er sæti má sjá hvar í röðinni sveitarfélagið er á meðal þeirra sveitarfélaga sem tóku þátt í könnuninni. Röðunartölur eru grænar ef að sveitarfélagið er í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með hagstæðustu útkomuna á viðkomandi þætti. Rauðar röðunartölur merkja að sveitarfélagið sé í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með óhagstæðustu útkomuna á viðkomandi matsþætti.

# Viðauki 2: Starfsmannakönnun - útskýringar á spurningum

## 1. ALMENNT UM STARFSMENN

### 1.1. Starfsaldur í viðkomandi skóla, 4 ár eða fleiri.

**Lýsing:** Þátttakendur eru beðnir að námunda að næstu heilu tölu fyrir ofan og undanskildu langvarandi fjarvistartímabil (s.s. leyfi frá störfum) og þeir eru spurðir hversu mörg ár þeir hafi starfað í leikskólum samanlagt.

## VIÐHORF TIL LEIKSKÓLANS

### 2.1 Starfsaðstaða í skólanum

**Lýsing:** Starfsaðstaða í skólanum er metið með því að spyrja starfsfólk níu spurninga um vinnuaðstöðu, álag í starfi, hvort barna- og starfsmannafjöldi sé hæfilegur á viðkomandi deild, jafnvægi milli starfs og einkalífs, sveigjanleika í dagskipulagi og hvort starfshættir séu í samræmi við áherslur í námskrá leikskólans.

Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem betri starfsaðstæður. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

## 3. UPPELDI OG MENNTUN

### 3.1 Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna

Lýsing: Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna er metin með því að spyrja starfsfólk ellefu spurninga um hvort það hafi hæfni til að ýta undir félagsfærni og vináttu barnanna, virka þátttöku á áhrif barnanna í daglegu starfi, hvatningu til að frumkvæði, skilning á upplifun og tilfinningum barnanna, hvatningu til að nota fjölbreyttar leiðir til náms. Stjórn á eigin tilfinningum þannig að þær hafi ekki áhrif á viðbrögð við hegðun barnanna, að geta bruðgðist við áhuga og þörfum barnanna, lausn vandamála í hópi barnanna með árangursríkum hætti og leiðbeina þeim og styðja við lausn á hegðun og deilum milli þeirra.

Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem meiri trú kennara skólans á eigin getu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

### 3.2 Trú á eigin getu við daglegt skipulag

Lýsing: Trú á eigin getu við daglegt skipulag er metin með átta spurningum um hópastarf, frjálsan leik, samverustundir, útivist, skapandi starf, samskipti við foreldra og stuðning við börn með sérþarfir.

Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem meiri trú kennara skólans á eigin getu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig

ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

### 3.3 Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð

**Lýsing:** Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð er metin með þremur spurningum um hvernig gangi að kynnast ólíkum bakgrunni og menningu barnanna og að koma til móts við þessa þætti og að sjá til þess að ekkert barn sé útilokað úr hópnum.

Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem meiri trú kennara skólans á eigin getu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

### 3.4 Samstarf í leikskólanum

**Lýsing:** Samstarf í leikskólanum er metið með því að spyrja fjögurra spurninga um samstarf á deildinni, milli deilda, starfsfólks og samvinnu deildarstjóra.

Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem meiri trú kennara skólans á eigin getu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

### 3.5 Virkar samræður um starfið

**Lýsing:** Virkni í samræðum um starfið er metin með ellefu spurningum og varða þær umræður um hugmyndafræði og stefnu skólans, grunnþætti aðalnámskrár, starfshætti og vinnuaðferðir með börnunum, félagsfærni barna og leiðir til að efla hana, hvernig börnin læra, samskipti barna og starfsfólks, samskipti við foreldra, hlutverk hvers starfsmanns, stjórnun og forystu, mál sem varða börn með sérþarfir auk annars sem starfsmenn vilja taka fram.

Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem meiri trú kennara skólans á eigin getu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

### 3.6 Virkni foreldra í leikskólastarfinu

**Lýsing:** Virkni foreldra er metin með fimm spurningum um áherslu skólans á að foreldrar hafi áhrif á dagleg störf, virkni þeirra við upphaf skólagöngu barnsins, hversu vel þeir fylgjast með framförum barna sinna, þátttaka þeirra í fundum og umræðum um skólanámskrá.

Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem meiri trú kennara skólans á eigin getu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

### 3.7 Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans

**Lýsing:** Aðgengi starfsmanna að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans er metin með því að spyrja um í hve miklum mæli starfsfólkið hefur aðgang að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans.

### 3.8 Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir

**Lýsing:** Ánægja með stuðning í leikskólum við börn með sérþarfir er metin með því að spyrja beint um hversu ánægð/ur eða óánægð/ur viðkomandi er með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir.

### 3.9 Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir

**Lýsing:** Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir er metin með því að spyrja um hvort viðkomandi fái nægar upplýsingar og úrræði vegna barna með sérþarfir.

## 4. SÍMENNTUN OG UNDIRBÚNINGUR

### 4.1 Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma

**Lýsing:** Metið með því að spyrja hvort viðkomandi fái undirbúningstíma.

### 4.2 Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma

**Lýsing:** Metið með því að spyrja hvort viðkomandi fái nægan tíma til að undirbúa starfið.

### 4.3 NOTKUN UNDIRBÚNINGSTÍMA

**Lýsing:** Spurning sem einungis var lögð fyrir skólastjóra og er sleppt í samantektinni.

### 4.4 Tækifæri til símenntunar

**Lýsing:** Metið með því að spyrja fjögurra spurninga um hvort tækifæri gefist til að viðhalda og bæta þekkingu viðkomandi, hvort hægt sé að sækja námskeið sem viðkomandi telur sig hafa þörf á og hvort símenntunin sem býðst nýtist vel í starfi.

Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem meiri trú kennara skólans á eigin getu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

### 4.5 Virkni í símenntun

**Lýsing:** Metið með því að spyrja þriggja spurninga um hvort starfsmaður geti/hafi tekið þátt í þróunarstarfi, starfendarannsóknum og farið í starfsþróunarsamtal/starfsmannasamtal á síðustu 12 mánuðum.

### 4.6 Símenntunarþörf starfsfólks

**Lýsing:** Metið með því að spyrja níu spurninga um þörf starfsfólks fyrir símenntun er varðar inntak aðalnámskrár, skráningu og mat á þroska og námi, skipulagningu á daglegu starfi, það að fylgjast með þróun í menntunarfræði ungra barna, um börn með sérþarfir, hegðun barna og samskipti, fjölmenningarumhverfi, samstarf við foreldra, annað.

Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0 til 10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Hærra gildi er túlkað sem meiri trú kennara skólans á eigin getu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

### 4.7 Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár

Starfsfólk er spurt hvort það hefði viljað taka þátt í meiri símenntun á síðustu 12 mánuðum en það gerði. Birt er hlutfall þeirra sem segja svo vera.

### 4.8 Hindranir í símenntun starfsfólks

Starfsfólk var spurt að hve miklu leyti tilteknar ástæður hafi hindrað það í að taka þátt í meiri símenntun en það hefur gert og beðið að gefa þeim vægi: Það vantaði stuðning frá stjórnendum, viðkomandi hefði ekki tíma vegna fjölskylduaðstæðna, ekki í boði neinir áhugaverðir kostir, viðkomandi uppfyllti ekki þátttökuskilyrðin (t.d. hæfni, reynslu, starfsaldur).